

Konur og kosningar í 100 ár

Women and elections for 100 years

Samantekt

Í ár er þess minnst með margvíslegum hætti að 100 ár eru liðin frá því konur fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Konur höfðu áður fengið kosningarétt og kjörgengi til sveitarstjórna.

Þátttaka kvenna í kosningum var lítil í byrjun en það breyttist fljótt og hafa konur tekið virkan þátt í almennum kosningum hér á landi í gegnum tíðina. Lengst af var kosningaþátttaka þeirra minni en karla en hefur jafnast smám saman og verið ívið meiri en þátttaka karla síðustu áratugin. Í síðustu alþingiskosningum árið 2013 var kosningaþátttaka kvenna 81,9% og karla 81,1%.

Konur létu fljótt til sín taka við framboð í bæjarstjórnarkosningum og í alþingiskosningum og buðu fram sérstaka kvennalista sem komu konum í bæjarstjórn, fyrst 1908 í Reykjavík, og konu á þing árið 1922. Þróunin varð þó sú að konur voru lítill hluti frambjóðenda fram eftir öldinni og kjörnum fulltrúum fjölgaði hægt á Alþingi og í sveitarstjórnnum.

Allt til ársins 1949 var ein eða engin kona á Alþingi, en þá voru tvær konur kjörnar og síðan þrjár árið 1971 sem á þeim tíma svaraði til 5% þingmanna. Við kosningarnar 1983 komu sérstök kvennaframboð aftur til sögunnar, konur voru rúmlega þriðjungur frambjóðenda og fjöldi kvenna á þingi þrefaldaðist. Árið 1995 voru konur helmingur frambjóðenda og fjórðungur kjörinna þingmanna. Við kosningarnar 2013 tæpum 100 árum eftir fenginn kosningarétt og kjörgengi til Alþingis voru konur 42% frambjóðenda og 40% kjörinna þingmanna.

Árin 1950–1970 voru konur 1–2% kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum. Upp úr 1970 fór hlutfall þeirra hækkandi við hverjar kosningar, var 22% árið 1990 og 44% eftir sveitarstjórnarkosningarnar 2014.

Tímamót urðu í forsetakosningum árið 1980 þegar Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands, fyrst kvenna.

Inngangur

Í þessu riti er litið yfir farinn veg og fjallað um þróun kosningaþátttöku kvenna og karla í alþingiskosningum, sveitarstjórnarkosningum, þjóðaratkvæðagreiðslum og forsetakjöri eftir því sem við á síðastliðin 100 ár. Ennfremur er greint frá hlut kvenna meðal frambjóðenda og kjörinna fulltrúa. Efni ritsins byggir fyrst og fremst á áður birtu efni í kosningaskýrslum og öðrum útgáfum Hagstofu Íslands.



100 ára kosningaréttur kvenna

Konur fengu kosningarétt 1915 en með takmörkunum

Með stjórnarskrárbreytingu sem tók gildi 19. júní 1915 var kosningaréttur til Alþingis rýmkaður. Þá fengu konur og hjú kosningarétt en með þeim takmörkunum að aðeins þau sem náð höfðu 40 ára aldri við fyrstu kosningarnar eftir gildistöku laganna höfðu kosningarétt. Aldursviðmið skyldi svo lækka um eitt ár á hverju ári þar til komið væri að 25 ára takmarkinu eftir 15 ár. Um leið var útsvarsgreiðsla afnumin sem skilyrði fyrir kosningarétti.

Kosningaréttur karla miðaðist sem fyrr við 25 ára aldur. „Eru þá ekki önnur skilyrði fyrir kosningarétti en að kjósendinn sé 25 ára gamall, sé fæddur hér á landi eða hafi átt hér lögheimili í 5 ár, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár, sé fjár síns ráðandi og ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstýrk.“¹

Kjörgengi

Með stjórnarskrárbreytingunni 1915 var aldurstakmarkið fyrir kjörgengi fært úr 30 árum niður í 25 ár en þó með sömu takmörkunum og kosningarétturinn hvað konur og hjú varðaði.

Konur fengu full réttindi á við karla til kosninga og kjörgengis 1920

Með sambandslagasamningnum milli Dana og Íslendinga sem samþykktur var í Þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1918 og staðfestur af Þjóðþingum landanna voru ríkisborgararéttindi landanna jöfnuð. Í kjölfarið voru aldurstakmarkanir vegna kosningaréttar kvenna og hjúa felldar niður með lögum nr. 9 og 12 frá 18. maí 1920. Það var því fyrst árið 1920 sem konur fengu fyllsta jafnrétti á við karla í þessum efnum.

Kosningar til Alþingis

Á þessum tímamótum við rýmkun kosningaréttarins var tilhögun kosninga til Alþingis með tvennu móti, annars vegar kjördæmakosningar og hins vegar landskjörkosningar.

Kosningaþátttaka í kjördæmakosningum

Fyrstu kosningar kjördæmakjörinna þingmanna (sem á þessum tíma voru 34) eftir stjórnarskrárbreytinguna 1915 fóru fram 21. október árið 1916. Áður, eða 5. ágúst sama ár, höfðu farið fram landskjörkosningar (sex þingmanna) en um þær er fjallað sérstaklega hér aftar. Í kjördæmakosningunum voru alls 28.529 á kjörskrá eða 31,7% landsmanna, 16.330 karlar og 12.199 konur. Með rýmkun kosningaréttar tvöfaldaðist fjöldi kjósenda á kjörskrá en í kosningunum 1914 var fjöldi þeirra í heild 13.400 (15,3% af íbúatölu), allt karlar.

Lítill kosningaþátttaka kvenna 1916

Í kosningunum 1916 var þátttaka kvenna 30,2% þar sem kosning fór fram en karla 69,1%. Var kosningaþátttaka karla svipuð og hún hafði verið í kosningunum 1914. Á heildina litið var kosningaþátttakan 52,6% en var 70% í kosningunum 1914. Munurinn skýrist einkum af lítilli þátttöku kvenna í þessum kosningum.

Við næstu kjördæmakosningar, árið 1919 var tala kjósenda á kjörskrá 31.870 eða 34,3% landsmanna. Konum á kjörskrá hafði fjölgað um 17% milli kosninga og

¹ Kosningaskýrslur 1874–1946, bls. 89. Útg. af Hagstofu Íslands 1988.

körnum um 8% en karlkyns kjósendur voru enn í miklum meirihluta eða 17.630 á móti 14.240 konum. Fleiri konur kusu nú en í fyrri kosningunum eða 39,1% þar sem kosið var og þátttaka karla var einnig meiri eða 74,1%.

Fleiri konur en karlar á kjörskrá í kosningunum 1923

Árið 1922 var landskjörkosning til Alþingis (sjá nánar síðar) en 1923 var í fyrsta sinn kjördæmakosning þar sem konur og karlar sátu við sama borð hvað kjörgengi og kosningarétt varðaði. Í kosningunum 1923 voru alls 43.932 kjósendur á kjörskrá eða 45,2% landsmanna. Voru konur á kjörskrá nú fleiri en karlar eða 23.222 en karlar 20.710.

Aukin kosningaþátttaka kvenna


Þátttaka kvenna í þessum kosningum var mun meiri en í fyrri kosningunum eða 68,4% og þátttaka karla sömuleiðis meiri eða 83,7%. Í kosningaskýrslu um kosningarnar segir m.a. „Að hluttaka kvenna varð svo mikil stafar nokkuð af því, að miklu fleiri konur en karlar notuðu sér af heimildinni til að kjósa bréflaga heima. En enda þótt því væri eigi til að dreifa, hefur hluttaka kvenna verið miklu meiri við þessar kosningar heldur en nokkru sinni áður.“¹

Kosningaþátttaka kvenna meiri en karla árið 1995 og síðar

Kosningaþátttaka kvenna var minni í kjördæmakosningum árin 1927 og 1933 en fór síðan vaxandi, um leið minnkaði munurinn á kosningaþátttöku kynjanna, sbr. töflu 1 bls. 18. Í alþingiskosningunum 1995 var þátttaka kvenna í fyrsta sinn meiri en karla og hefur verið það æ síðan í alþingiskosningum en munurinn hefur verið um eða undir einu prósentustigi. Mest var kosningaþátttaka kvenna í alþingiskosningum 90,2%, árið 1974 en karla 94,8%, árið 1956. Hefur kosningaþátttaka beggja kynja farið heldur minnkandi síðustu árin.

Mynd 1. Kosningaþátttaka í alþingiskosningum 1916–2013

Figure 1. Participation in general elections 1916–2013



¹ Kosningaskýrslur 1874–1946, bls. 182.

Kosningabátttaka í landskjörkosningum

Kosning landskjörinna þingmanna

Með stjórnarskrárbreytingunni sem tók gildi 19. júní 1915 voru konungkjörnir þingmenn afnumdir, en í þess stað skyldu sex þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum um landið allt í einu lagi (landið var eitt kjördæmi) og jafnmargir varamenn. Kjörtímabil þeirra var óháð almennum þingkosningum. Kosningin gildi í fyrstu til 12 ára en helmingurinn skyldi fara frá 6. hvert ár. Árið 1920 var kjörtímabilið stýtt í átta ár. Ef sæti landskjörins þingmanns yrði autt tæki sá varþingmaður sem næsta hafði atkvæðatölu á þeim lista sætið, sem hinn fráfarni þingmaður var kosinn á. Hinar fyrstu hlutbundnu landskjörkosningar samkvæmt þessu á 6 þingmönnum og 6 varamönnum fóru fram 5. ágúst 1916.¹

Kosningaréttur við landskjörkosningar

Kosningaréttur til landskjörkosninga var bundinn sömu skilyrðum og kosningaréttur til kjördæmakosninga nema aldurstakmarkið var 10 árum hærra við landskjörkosningar eða 35 ár. Fyrir nýju kjósendurna (konur og hjú) var þó aldurstakmarkið fyrst 40 ár, en skyldi lækka svo smámsaman eins og við kjördæmakosningarnar.

Kosningabátttaka kvenna 10,3% í þeirra fyrstu kosningum til Alþingis

Við landskjörkosningarnar 5. ágúst 1916 voru alls 24.189 á kjörskrá eða 26,8% af íbúum landsins og svipaður fjöldi karla og kvenna eða 12.139 karlar og 12.050 konur. Þetta voru fyrstu kosningar eftir að konur og hjú fengu kosningarétt til Alþingis. Kosningabátttaka kvenna var 10,3% en karla 38,1% en í heild var þátttakan 24,3%.

Fyrsta konan kjörin á þing, Ingibjörg H. Bjarnason, árið 1922

Næstu landskjörkosningar voru 8. júlí árið 1922. Þá var kosningabátttaka kvenna 31,2% og karla 52,7% en í þessum kosningum var kvennalisti í boði og Ingibjörg H. Bjarnason kjörin af honum á þing fyrst kvenna. Landskjörkosningar urðu síðan árin 1926 (tvennar kosningar) þar sem þátttaka kvenna var heldur meiri en áður, sbr. mynd 2, og loks 1930 en þá var kosningabátttaka kvenna 60,7% og karla 82,0%.


Uppbótarþingsæti frá og með 1934

Kosning landskjörinna þingmanna var afnumin með stjórnarskrárbreytingu árið 1934 en í staðinn voru tekin upp uppbótarþingsæti við almennar þingkosningar og þeir sem þau hlutu nefndir landskjörnir þingmenn.

¹ Kosningaskýrslur 1874–1946, bls. 103.

Mynd 2. Kosningaþátttaka í landskjörkosningum 1916–1930

Figure 2. Participation rates in elections of nationally elected members 1916–1930



Frambjóðendur við alþingiskosningar

Ein kona í framboði 1916

Eins og áður getur voru landskjörkosningar 5. ágúst 1916 fyrstu kosningarnar eftir að konur fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Við kosningarnar voru 52 frambjóðendur þar af ein kona, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, sem var í 4. sæti á landslista Heimastjórnarmanna, en vegna breytinga sem kjósendur gerðu á röð listans fór hún niður í 5. sætið. Í þessum kosningum fékk Heimastjórnarflokkur þrjú menn kjörna, efstur á listanum var Hannes Hafstein en hann lét af þingmennsku árið 1918 og komst þá 4. maður á lista Heimastjórnarmanna inn í staðinn fyrir hann. Hefði Bríet getað orðið þingmaður fyrst kvenna ef hún hefði ekki færst til vegna breytinga sem kjósendur gerðu á röðun listans á grundvelli nýrra laga um útstrikarnir.¹

Fjórar konur af 28 frambjóðendum í landskjörkosningum 1922

Við næstu landskjörkosningar árið 1922 voru fimm listar og 28 frambjóðendur þar af fjórar konur sem voru á sérstökum kvennalista sem kvenfélögin í landinu stóðu að. Hlaut Ingibjörg H. Bjarnason kosningu af þeim lista og varð fyrsta konan til að setjast á Alþingi.

Í fyrstu kjördæmakosningum til Alþingis, í október 1916, eftir að konur fengu kosningarétt og kjörgengi voru 77 frambjóðendur en ekki er getið í kosningaskýrslum um að konur hafi verið þar á meðal.

Fjöldi frambjóðenda á hverjum tíma ræðst af fjölda þingmanna og þó einkum fjölda stjórnálagasamtaka og hve víða þau bjóða fram. Við kosningarnar árið 2013 voru til dæmis 15 samtök sem buðu fram lista með alls 1.512 frambjóðendum en sjö samtök buðu fram í næstu kosningum á undan árið 2009 með 882 frambjóðendum.


¹ <http://www.konurogstjornmal.is/kosningar/althingiskosningar/>

Konur voru nær ein af tíu frambjóðendum 1959, fjórðungur 1978 og helmingur 1995

Yfirlit um frambjóðendur í alþingiskosningum eftir kyni sem birt hafa verið í kosningaskýrslum ná yfir tímabilið 1959–2013. Af þeim má ráða að þátttaka kvenna í framboðum fór hægt af stað. Í kosningunum í október árið 1959 voru alls 438 manns í framboði, þar af voru 36 konur eða 8,2% frambjóðenda. Um tuttugu árum síðar eða árið 1978 voru þær fjórðungur frambjóðenda (149 af 598) og rúmlega þriðjungur árið 1983 þegar Kvinnalístinn bauð fyrst fram til Alþingis. Í næstu tvennum kosningum var hlutfallið tæp 46% og hæst hefur það orðið 50,4% við kosningarnar árið 1995 eða 425 konur á mótí 418 körlum. Eftir það hefur hlutfall kvenna af frambjóðendum verið 40–42% nema 2007, 47,2%.

Mynd 3. Frambjóðendur við alþingiskosningar 1959–2013


Figure 3. Candidates for general elections to the Althingi 1959–2013



Skýringar Notes: Árið 1959 voru tvennar kosningar til Alþingis, í júní og október. In the year 1959 two elections took place, in June and in October.

Mynd 4. Frambjóðendur við alþingiskosningar 1959–2013, %

Figure 4. Candidates for general elections to the Althingi 1959–2013, %




Skýringar Notes: Sjá skýringu við mynd 3. See note with figure 3.

Kjörnir þingmenn

- Breytingar á fjölda þingmanna* Árin 1908–1919 sátu 40 þingmenn á Alþingi Íslendinga. Þeim fjölgaði síðan í 42 árið 1920, í 49 árið 1934, í 52 árið 1942, síðan í 60 árið 1959 og hafa verið 63 frá árinu 1987.
- 95 konur hafa verið þingmenn* Alls hafa 95 konur verið þingmenn og 165 konur eingöngu varaþingmenn eftir því sem fram kemur á vef Alþingis.¹ Samkvæmt upplýsingum frá Alþingi, hafa 544 karlar verið þingmenn og 253 karlar verið varaþingmenn eingöngu.
- Fyrsta konan kjörin á þing 1922
– ein og ein kona á þingi til
1949* Ingibjörg H. Bjarnason var fyrsta konan sem kjörin var í kosningum til Alþingis eins og áður getur. Var hún kjörin af kvennalista í landskjörkosningum árið 1922. Önnur konan sem kjörin var á þing var Guðrún Lárusdóttir. Var hún einnig landskjörin og sat á þingi 1930–1938 fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Næstu tuttugu árin sat ein og ein kona í senn á þingi eða engin allt til ársins 1949 að kjörnar voru tvær konur í fyrsta sinn.
- Konur 5% þingmanna 1971,
15% 1983* Önnur tuttugu ár liðu þar til konum fjölgaði í þrjár á Alþingi við kosningarnar 1971. Það svaraði til 5% þingmanna. Var sú staða óbreytt allt til kosninganna árið 1983 að fjöldi kvenna sem kjörnar voru þrefaldaðist og hlutfall þeirra af þingmönnum varð 15%. Í þessum kosningum bauð nýtt stjórn málaafli, Samtök um kvennalista, fram í þremur kjördæmum og fékk þrjár konur kjörnar. Í kosningunum þar á eftir árið 1987 var fimmtungur kjörinna þingmanna konur, 13 talsins en þá hafði þingmönnum í heild verið fjölgað úr 60 í 63.
- Árið 2009 voru konur 43%
þingmanna* Næstu tvo áratugina fjölgaði konum sem kjörnar voru á þing enn frekar. Þær urðu flestar eftir þingkosningarnar 2009, 27 talsins en það svaraði til 42,9% þingmanna. Við síðustu alþingiskosningar árið 2013 fækkaði kjörnum konum um tvær og hlutfall þeirra fór í 39,7%.
- Staða kvenna 100 árum eftir
fenginn kosningarétt* Um 100 árum eftir að konur fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis er staðan sú að konur í dag kjósa til jafns við karla, þær eru rúmlega fjórar af hverjum tíu frambjóðendum og fjórar af hverjum tíu kjörnum þingmönnum sé miðað við síðustu alþingiskosningar árið 2013.


¹ <http://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/konur-a-althingi/aeviagrip-og-thingstorf-allra-kvenna-sem-setid-hafa-a-althingi/>

Mynd 5. Þingmenn kjörnir í alþingiskosningum 1916–2013
 Figure 5. Elected members in general elections to the Althingi 1916–2013



Skýringar Notes: Tilgreind ár eiga við kjördæmakosningar. Þingmenn kjörnir í landskjörkosningum 1916–1930 eru meðtaldir í fjölda þingmanna. The years refer to the years of general elections. The number of members elected in elections of nationally elected members 1916–1930 are included.

Mynd 6. Þingmenn kjörnir í alþingiskosningum 1916–2013, %
 Figure 6. Members elected in general elections to the Althingi 1916–2013, %



Sveitarstjórnarkosningar

Konur fengu kosningarétt til sveitarstjórna árið 1882

Konur á Íslandi höfðu fengið kosningarétt til sveitarstjórna áður en þær fengu kosningarétt til Alþingis. Árið 1882 fengu konur „sem eiga með sig sjálfar“ kosningarétt sbr. lög nr. 10 frá 12. maí 1882. Nánar tiltekið hljóðar 3. gr. laganna svo: „Ekkjur og aðrar ógiftar konur, sem standa fyrir búi eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kosningarétt, þegar kjósa á hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn og á safnaðarfundum, ef þær eru 25 ára og að öðru leyti fullnægja þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum réttindum“. Kjörgengi fylgdi ekki þessum réttindum. Þau réttindi fengu þessar sömu konur árið 1902.

Samkvæmt lögunum frá 1882 hafði fámennur hópur kvenna kosningarétt þar sem giftar konur, vinnukonur og aðrar, sem ekki áttu með sig sjálfar uppfylltu ekki skilyrðin fyrir kosningarétti.

Kosningabátttaka í sveitarstjórnarkosningum

Fyrstu kvenkjósendurnir

Fyrst til að kjósa á grundvelli þessara réttinda var Andrea Guðmundsdóttir sem kaus í kosningum á Ísafirði árið 1884.¹ Vilhelmina Lever, „verslunarborgarinnna“ á Akureyri mun þó hafa kosið í bæjarstjórnarkosningum á Akureyri árin 1863 og aftur 1866. Á þeim tíma höfðu allir fullmyndugir menn kosningarétt samkvæmt lögum.² Fyrst til að kjósa í kosningum í Reykjavík var Kristín Bjarnadóttir árið 1888. Þá munu 10–12 konur hafi verið á kjörskrá en aðeins ein þeirra nýtt rétt sinn.³

Konur í Reykjavík og Hafnarfirði fá kosningarétt og kjörgengi 1907

Konur (giftar konur) í Reykjavík og Hafnarfirði fengu kosningarétt og kjörgengi í bæjarstjórna árið 1907 með sömu skilyrðum og karlar. Fyrir hendi eru upplýsingar um kosningabátttöku eftir kyni í bæjar-/ borgarstjórnarkosningum í Reykjavík fyrir tímabilið 1908–2014 að undanskildum árunum 1954–1970 sbr. mynd 7 og töflu 5.

Helmingur kvenna á kjörskrá kaus í Reykjavík 1908

Í bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík árið 1908, voru 1.209 konur og 1.626 karlar á kjörskrá. Um helmingur kvennanna kaus eða 49%. Bátttaka karla var 63,2%. Í næstu kosningum var þátttaka kvenna hins vegar tæp 22% og karla rúm 46% og var hún breytileg í kosningum næstu árin en sveiflurnar svipaðar hjá báðum kynjum. Árið 1930 var þátttaka kvenna 71,7% og karla 84,3% og fór síðan hækkandi. Hæst hefur kosningabátttaka kvenna í borgarstjórnarkosningum verið 89,4%, árið 1994 og karla 90,1% árið 1946. Síðustu árin hefur dregið úr kosningabátttöku bæði kvenna og karla og í borgarstjórnarkosningunum 2014 var hún sú lægsta hjá konum síðan 1928 eða 63,9% og hjá körlum síðan 1920, eða 61,9%.


¹ <http://www.konurogstjornmal.is/kosningar/sveitarstjornarkosningar/>

² <http://kvennasogusafn.is/index.php?page=artoe-og-afangar>

³ <http://www.konurogstjornmal.is/kosningar/sveitarstjornarkosningar/>

Mynd 7. Kosningaþátttaka í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík 1908–2014

Figure 7. Participation rates in elections to the Reykjavík City Council 1908–2014



Skýringar Notes: Upplýsingar vantar um kosningaþátttöku eftir kyni árin 1954–1970. Information is not available on participation rates by sex for the years 1954–1970.

Lög um sveitarstjórnarkosningar 1936

Upplýsingar um sveitarstjórnarkosningar eru framan af ekki eins ítarlegar og um alþingiskosningar. Árið 1930 var kosið í sveitarstjórnir í öllum kaupstöðum landsins og þá til fjögurra ára í senn. Áður var misjafnt eftir sveitarfélögum hvenær kosningar voru haldnar. Í lögum um sveitarstjórnarkosningar frá 1936 var kveðið á um að kjósa skyldi fulla tölu bæjarfulltrúa og hreppsnefndarmanna á öllu landinu fjórða hvert ár og kosningar fara fram sama árið um allt land.¹ Fyrstu kosningar á grundvelli laganna fóru fram 1938.

Kosningaþátttaka kvenna og karla nánast jöfn árið 1990, 82%

Upplýsingar í kosningaskýrslum um kosningaþátttöku í sveitarstjórnunum í heild nær til ársins 1938 og síðan samfelld frá árinu 1950 en eftir kyni fyrst frá árinu 1974 sbr. mynd 8. og töflu 4. Árið 1938 var kosningaþátttakan í heild þar sem kosning fór fram 73,9%, 77,7% árið 1950 og 87,8% í sveitarstjórnarkosningunum árið 1974. Það ár var kosningaþátttaka kvenna 86,5% og karla 89,1%. Fór munurinn milli kynja minnkandi og var þátttakan nánast jöfn árið 1990, um 82%. Frá árinu 1994 hefur þátttaka kvenna verið ívið meiri en karla og er það svipuð þróun og í alþingiskosningunum.


Kosningaþátttaka beggja kynja fer minnkandi

Kosningaþátttakan var mest hjá konum árið 1994, 87,1% og hjá körlum árið 1974, 89,1%. Hefur þátttakan farið minnkandi síðustu árin hjá báðum kynjum. Var kosningaþátttakan í sveitarstjórnarkosningum árið 2014 sú dræmasta frá 1950. Þá var kosið í 71 sveitarfélagi en sjálfkjörið var í þremur sveitarfélögum. Var kosningaþátttakan 66,5% í heild þar sem kosning fór fram, þátttaka kvenna 67,3% og karla 65,7%.

¹ Kosningaskýrslur 1874–1946, bls. 417.

Mynd 8. Kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum 1950–2014

Figure 8. Participation rates in local government elections 1950–2014



Skýringar Notes: Upplýsingar vantar um kosningaþátttöku eftir kyni árin 1950–1970. Information is not available on participation rates by sex for the years 1950–1970.

Frambjóðendur í sveitarstjórnarkosningum

Kjörgengi fylgdi ekki kosningarétti kvenna til sveitarstjórna árið 1882 en árið 1902 fengu konur sem höfðu þegar fengið kosningarétt, kjörgengi til sveitarstjórna og sóknarnefnda. Eins og áður getur fengu konur í Reykjavík og Hafnarfirði kosningarétt og kjörgengi til bæjarstjórna með sömu skilyrðum og karlar árið 1907. Árið 1909 fengu konur almennt þessi réttindi.

Kvennalisti við bæjarstjórnarkosningar í Reykjavík 1908

Árið 1908 buðu konur fram kvennalista í Reykjavík sem fékk flest atkvæði þeirra 18 lista sem buðu fram. Konurnar fjórar á listanum voru allar kjörnar í bæjarstjórn. Kvenfélög í Reykjavík buðu fram lista í öllum kosningum til ársins 1918 og konur af þessum listum sátu í bæjarstjórn til ársins 1922.¹

Tilhögun kosninga til sveitarstjórna

Í sveitarfélögum skal almennt kjósa bundinni hlutfallskosningu. Komi enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur (eða svo fá nöfn eru á framboðslistum að sveitarstjórn verður ekki fullskipuð í bundinni kosningu) skal kosning verða óbundin. Þurfa kjósendur þá að tilgreina nöfn þeirra sem þeir kjósa.


Konur voru 16% frambjóðenda 1974, 37% 1994 og rúmlega 47% 2014

Fyrir hendi er yfirlit sem nær aftur til ársins 1974 um fjölda frambjóðenda eftir kyni í sveitarstjórnarkosningum þar sem kosning var hlutfallsbundin. Það ár voru alls 2.786 frambjóðendur við kosningarnar og voru konur þar af 447 eða 16,0% (ótilgreint er um kyn 70 frambjóðenda). Hlutfall kvenna af frambjóðendum fór smám saman hækkandi og var 36,9% árið 1994 og hefur hæst orðið 47,5% við kosningarnar 2014. Þá voru frambjóðendur alls 2.916, 1.384 konur og 1.532 karlar.

¹ <http://www.konurogstjornmal.is/kosningar/sveitarstjornarkosningar/>

Mynd 9. Frambjóðendur í sveitarstjórnarkosningum 1974–2014

Figure 9. Candidates in local government elections 1974–2014



Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnarkosningum

Fjórar konur kjörnar í bæjarstjórn Reykjavíkur 1908

Eins og áður getur voru 4 konur kjörnar af kvemmalista í bæjarstjórn Reykjavíkur árið 1908. Þetta voru Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Guðrún Björnsdóttir, Katrín Magnússon og Þórunn Jónassen. Framhald varð á kvemnaframboðum og sátu konur í bæjarstjórn Reykjavíkur af hálfu kvemmalista til ársins 1922.

Árið 1910 var Sólveig Jónsdóttir kosin í bæjarstjórn Seyðisfjarðar af kvemmalista og árið 1911 var Kristín Eggertsdóttir kosin í bæjarstjórn Akureyrar, fyrst kvenna þar.¹


Konur 1% kjörinna fulltrúa 1950, 22% 1990 og 44% 2014

Árið 1950 voru 229 sveitarfélög á Íslandi og hafa þau ekki verið fleiri. Það ár voru kjörnir 1.143 fulltrúar í sveitarstjórnir þar af voru sjö konur eða 0,6% kjörinna. Hlutfall kvenna af kjörnum fulltrúum hækkaði hægt og tæpum 30 árum síðar eða 1978 var það 6,1%. Síðan tvöfaldaðist það við næstu kosningar 1982 (12,5%). Þess má geta að það ár komu kvemnaframboð fram á ný og fengu tvo fulltrúa kjörna í Reykjavík og aðra tvo á Akureyri. Hefur hlutfall kvenna af kjörnum fulltrúum hækkað við hverjar kosningar og var tæp 22% 1990 og 44% eftir kosningarnar 2014. Það ár voru kjörnir alls 504 sveitarstjórnarmenn, 222 konur og 282 karlar. Á árunum 1950–2014 fækkaði sveitarfélögum úr 229 í 74 og sveitarstjórnarmönnum í heild um meira en helming.

¹ <http://www.konurogstjornmal.is/kosningar/sveitarstjornarkosningar/>


Mynd 10. Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnarkosningum 1950–2014

Figure 10. Elected representatives in local government elections 1950–2014



Mynd 11. Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnarkosningum 1950–2014, %

Figure 11. Elected representatives in local government elections 1950–2014, %



Tvenns konar háttur á kosningu í sveitarstjórnarkosningum

Eins og áður getur eru kosningar í sveitarstjórnir með tvennum hætti, annars vegar bundin hlutfallskosning og hins vegar óbundin kosning. Hefur sveitarstjórnarmönnum fækkað til muna síðustu tvo áratugin og á fækkunin einkum stað meðal þeirra sem kjörnir eru óbundinni kosningu. Við sameiningu sveitarfélaga hafa orðið til stærri sveitarfélög þar sem bundnar hlutfallskosningar eru algengari en óbundnar kosningar.

Hlutfall kvenna lægra meðal kjörinna í óbundnum kosningum en bundnum

Hlutfall kvenna meðal kjörinna fulltrúa hefur verið lægra í óbundnum kosningum en bundnum hlutfallskosningum allt tímabilið 1974–2014. Árið 2014 var hlutfall kvenna af kjörnum fulltrúum í bundnum kosningum 45% en 38% í óbundnum kosningum.

Þjóðaratkvæðagreiðslur

Þjóðaratkvæðagreiðslan 6. mars 2010 var sú fyrsta frá stofnun lýðveldisins 1944 og önnur var ári síðar eða 9. apríl 2011. Báðar voru um ríkisábyrgð Icesave-samninga. Sú þriðja var ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla 20. október 2012 um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnskipunarlaganna og tiltekin álitæfni þeim tengd. Fyrir þennan tíma höfðu farið fram sex þjóðaratkvæðagreiðslur þar af tvær samtímis árið 1944.

Kosningaþátttaka breytileg

Fyrsta þjóðaratkvæðagreiðslan var 1908 um innflutningsbann á áfengi. Í öðrum atkvæðagreiðslum var kosið um þegnaskylduvinnu (1916), dönsk-íslensku sambandslögin (1918), afnám innflutningsbanns á áfengi (1933), niðurfellingu dansk-íslenska sambandslagasamningsins 1918 og stjórnarskrá lýðveldisins Íslands (1944). Í þessum fyrri atkvæðagreiðslum var kosningaþátttakan allt frá 43,8% (1918) í 98,4% (1944). Í þeim seinni, það er 2010–2012, var þátttakan einnig breytileg mest 62,7% árið 2010 en minnst 48,9% árið 2012.

Fyrsta þjóðaratkvæðagreiðsla sem konur tóku þátt í var 1916


Konur áttu fyrst kost á þátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1916 en þær fóru fram samhliða kjördæmakosningum til Alþingis. Alls greiddu 14.105 atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslunni eða 49,4% þeirra sem voru á kjörskrá en ekki er ljóst hvernig þau atkvæði skiptust milli kynja. Í kjördæmakosningunum var þátttaka kvenna 30,2% og karla 69,1% og ekki ósennilegt að þátttakan í þjóðaratkvæðagreiðslunni hafi verið á svipuðum nótum.

Þátttaka kynja svipuð í þjóðaratkvæðagreiðslum frá 1944

Þátttaka kvenna í þjóðaratkvæðagreiðslum var helmingi minni en karla framan af en í atkvæðagreiðslunum 1944, 2010 og 2011 var þátttaka kynjanna jöfn. Í þjóðaratkvæðagreiðslunni árið 2012 var þátttaka kvenna heldur minni en karla eða 47,9% á móti 49,9% karla.

Mynd 12. Kosningaþátttaka í þjóðaratkvæðagreiðslum 1916–2012

Mynd 12. Participation rates in referenda 1916–2012



Skýringar Notes: Upplýsingar eru ekki fyrir hendi um kosningaþátttöku eftir kyni árið 1916. Information is not available on participation rates by sex in 1916.

Forsetakjör

Í forsetakjöri hafa konur og karlar ávallt notið sama réttar til kosninga og kjör-gengis. Hafa konur kosið í forsetakosningum ekki síður en karlar en það var fyrst við forsetakjör árið 1980 sem kona bauð sig fram til þessa embættis og var kjörin.

Fyrsti forseti Íslands þingkjörinn


Fyrsti forseti Íslands, Sveinn Björnsson var þingkjörinn 17. júní 1944. Síðan var hann tvívegis þjóðkjörinn án kosninga þar sem hann var einn í kjöri, fyrst árið 1945 og aftur árið 1949. Fyrstu forsetakosningar meðal þjóðarinnar fóru fram 1952 og síðan hafa verið haldnar sex aðrar forsetakosningar en í nokkur skipti hafa sitjandi forsetar verið endurkjörnir án kosninga.

Kosningaþátttaka kvenna meiri en karla við forsetakjör 1980 og síðar

Kosningaþátttaka í forsetakjöri hefur verið breytileg, var lægst 62,9% árið 2004 en hæst 92,2% árið 1968. Var þátttaka kvenna minni en karla í kosningunum 1952 og 1968 en eftir það hefur þátttaka þeirra verið meiri en karla. Mestur var munurinn árið 1988 eða 9,6 prósentustig en þá kusu 77,6% kvenna og 68% karla sem voru á kjörskrá.

Mynd 13. Kosningaþátttaka í forsetakjöri 1952–2012

Figure 13. Participation rates in presidential elections 1952–2012



Skýringar Notes: Upplýsingar um kosningaþátttöku eftir kyni árið 2004 eru ekki fyrir hendi. Information is not available on participation rates by sex in 2004.

Frambjóðendur og kjörnir í forsetakjöri

Framan af voru eingöngu karlar í kjöri til embættis forseta Íslands. Í forsetakosningunum 1952 voru þrír frambjóðendur og var Ásgeir Ásgeirsson kjörinn forseti. Var hann sjálfkjörinn án kosninga árin 1956, 1960 og 1964.

Við forsetakosningarnar árið 1968 voru tveir karlar í kjöri og var Kristján Eldjárn kjörinn forseti. Var Kristján sjálfkjörinn án kosninga árin 1972 og 1976.

Vigdís Finnbogadóttir kjörin forseti 1980, fyrst kvenna

Árið 1980 voru fjórir frambjóðendur í forsetakjöri þar af ein kona, Vigdís Finnbogadóttir sem var kjörin forseti, fyrst kvenna og um leið fyrsti þjóðkjörni kvenforsetinn í heiminum. Var Vigdís sjálfkjörin án kosninga árið 1984. Árið 1988 var Vigdís endurkjörin forseti en annar frambjóðandi, kona, var einnig í kjöri. Var Vigdís sjálfkjörin án kosninga árið 1992.

Forsetakjör fór fram árið 1996 og voru fimm frambjóðendur í kjöri þar af tvær konur en önnur féll frá framboði sínu fyrir kosningarnar. Í þessum kosningum var Ólafur Ragnar Grímsson kjörinn forseti. Var hann sjálfkjörinn án kosninga árið 2000.

Árið 2004 voru þrjú karlar í kjöri og var Ólafur Ragnar Grímsson, sitjandi forseti endurkjörinn.

*Þrjár konur og þrjú karlar í kjöri
2012*

Í síðustu forsetakosningum sem fóru fram árið 2012 voru sex frambjóðendur í kjöri til forseta, þar af þrjár konur. Var Ólafur Ragnar Grímsson endurkjörinn og gegnir nú embætti forseta Íslands.

English Summary

This year marks the 100th anniversary of women's right to vote and eligibility in parliamentary elections in Iceland. Women had already gained the right to vote and eligibility in municipal elections. In the beginning, the right to vote was restricted to women 40 years or older while men at the age of 25 were able to vote. In 1920 the franchise limits on women were abolished by law and women and men enjoyed the same legal voting rights thenceforth.

Voting participation of women was small in the beginning but increased gradually and women have taken active part in general elections throughout the century. Their turnout in elections was less than men's for a length of time but the gap eventually closed and for the last few decades the participation rates of women have been higher than men's. In the last parliamentary elections the participation of women was 81.9% and men's 81.1%.

Early on, women came up with candidate lists both in municipal and parliamentary elections and the first woman was elected in Reykjavík in 1908 and later in a couple of other municipalities. The first female member to Althingi was elected in 1922. Despite this, women's share of candidates in elections remained low for a long time and elected members in Althingi and local government increased slowly.

In 1949 two women were elected to Althingi for the first time, before that there was only one female member to Althingi or none at a time. In 1971 three women were elected or 5% of total members. In 1983 the number of women members tripled and their share in Parliament was 15%. At this time one third of candidates were women but in the parliamentary elections in 1995 they were half of candidates but only a quarter of elected members. In the 2013 elections to Althingi, about 100 years after having gained the suffrage, women were 42% of candidates and 40% of elected members to Althingi.

In the period from 1950 to 1970, women were 1–2% of elected representatives in local governments. Their share started to increase thenceforward and reached 22% in 1990 and 44% in the last municipal elections in 2014.

A milestone event took place in the presidential elections in 1980 when Vigdís Finnbogadóttir was elected president of Iceland. She was not only the first woman president of Iceland but also the first nationally elected woman president in the world.

Tafla 1. Kjósendur á kjörskrá, greidd atkvæði og kosningabátttaka 1914–2013

Table 1. Voters on the electoral roll, votes cast and participation 1914–2013

	Kjósendur á kjörskrá			Greidd atkvæði			Kosningabátttaka, % ¹			
	<i>Voters on the electoral roll</i>			<i>Votes cast</i>			<i>Participation rate, %</i>			
	Kjós.			Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	
Alls af íbúum <i>Total</i>	alls, % ²									
Alþingiskosningar										
<i>Elections to the Althingi</i>										
1914, 10. september	13.400	15,3	13.400	.	7.475	7.475	.	70,0	70,0	.
1916, 21. október	28.529	31,7	16.330	12.199	14.030	10.593	3.437	52,6	69,1	30,2
1919, 15. nóvember	31.870	34,3	17.630	14.240	14.463	10.138	4.325	58,7	74,1	39,1
1923, 27. október	43.932	45,2	20.710	23.222	31.146	16.183	14.963	75,6	83,7	68,4
1927, 9. júlí	46.047	44,9	21.721	24.326	32.928	17.713	15.215	71,5	81,5	62,5
1931, 12. júní	50.617	46,4	24.226	26.391	39.605	20.590	19.015	78,2	85,0	72,1
1933, 16. júlí	53.327	46,7	25.605	27.722	36.772	19.890	16.882	70,1	77,7	60,9
1934, 24. júní	64.338	56,4	31.039	33.299	52.444	27.383	25.061	81,5	88,2	75,3
1937, 29. júní	67.195	57,1	32.663	34.532	59.096	30.014	29.082	87,9	91,9	84,2
1942, 5. júlí	73.440	59,7	35.773	37.667	58.940	30.857	28.083	80,3	86,3	74,6
1942, 18.–19. október	73.560	59,7	36.017	37.543	60.576	31.554	29.022	82,3	87,6	77,3
1946, 30. júní	77.670	59,0	38.048	39.622	67.896	34.804	33.092	87,4	91,5	83,5
1949, 23.–24. október	82.481	58,7	40.577	41.904	73.432	37.455	35.977	89,0	92,3	85,9
1953, 28. júní	87.601	58,4	43.423	44.178	78.754	40.306	38.448	89,9	92,8	87,0
1956, 24. júní	91.618	56,8	45.398	46.220	84.355	43.036	41.319	92,1	94,8	89,4
1959, 28. júní	95.050	55,3	47.317	47.733	86.147	44.049	42.098	90,6	93,1	88,2
1959, 25.–26. október	95.637	55,2	47.627	48.010	86.426	44.287	42.139	90,4	93,0	87,8
1963, 9. júní	99.798	53,9	49.762	50.036	90.958	46.315	44.643	91,1	93,1	89,2
1967, 11. júní	107.101	53,9	53.409	53.692	97.855	49.636	48.219	91,4	92,9	89,8
1971, 13. júní	118.289	57,6	59.085	59.204	106.975	54.496	52.479	90,4	92,2	88,6
1974, 30. júní	126.388	58,8	63.321	63.067	115.575	58.707	56.868	91,4	92,7	90,2
1978, 25. júní	137.782	61,6	68.788	68.994	124.377	62.883	61.494	90,3	91,4	89,1
1979, 2.–3. desember	142.073	62,6	71.041	71.032	126.929	64.314	62.615	89,3	90,5	88,2
1983, 23. apríl	150.977	63,8	75.424	75.553	133.304	67.462	65.842	88,3	89,4	87,1
1987, 25. apríl	171.402	70,0	85.694	85.708	154.438	77.528	76.910	90,1	90,5	89,7
1991, 20. apríl	182.768	71,1	91.332	91.436	160.142	80.280	79.862	87,6	87,9	87,3
1995, 8. apríl	191.973	71,8	95.921	96.052	167.751	83.708	84.043	87,4	87,3	87,5
1999, 8. maí	201.480	72,8	100.547	100.933	169.424	84.228	85.196	84,1	83,8	84,4
2003, 10. maí	211.304	73,0	105.426	105.878	185.392	91.933	93.459	87,7	87,2	88,3
2007, 12. maí	221.330	71,1	110.382	110.948	185.071	91.978	93.093	83,6	83,3	83,9
2009, 25. apríl	227.843	71,4	113.574	114.269	193.975	95.962	98.013	85,1	84,5	85,8
2013, 27. apríl 2013	237.807	73,6	118.573	119.234	193.828	96.121	97.707	81,5	81,1	81,9
Landskjörkosningar Elections										
<i>of nationally elected members</i>										
1916, 5. ágúst	24.189	26,8	12.139	12.050	5.873	4.628	1.245	24,3	38,1	10,3
1922, 8. júlí	29.094	30,2	13.445	15.649	11.962	7.083	4.879	41,1	52,7	31,2
1926, 1. júlí	30.767	30,5	14.149	16.618	14.100	8.397	5.703	45,9	59,4	34,3
1926, 23. okt. ³	31.422	31,1	14.393	17.029	15.697	9.307	6.390	50,0	64,7	37,5
1930, 15. júní	34.467	32,1	15.896	18.571	24.298	13.035	11.263	70,5	82,0	60,7
Þjóðaratkvæðagreiðsla										
<i>utan alþingiskosninga</i>										
<i>Referenda not held simultaneously</i>										
<i>with elections to the Althingi</i>										
1918, 19. október	31.143	33,7	17.468	13.675	13.653	10.352	3.301	43,8	59,3	24,1
1933, 21. október	62.122	55,3	29.918	32.204	28.163	17.971	10.192	45,3	60,1	31,6

Tafla 1. Kjósendur á kjörskrá, greidd atkvæði og kosningaþátttaka 1914–2013 (frh.)
Table 1. Voters on the electoral roll, votes cast and participation 1914–2013 (cont.)

	Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>				Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>			Kosningaþátttaka, % ¹ <i>Participation rate, %</i>		
	Kjós.			Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	
	Alls af íbúum <i>Total</i>	alls, % ²								
1944, 20.–23. maí	74.272	58,5	36.184	38.088	73.058	35.645	37.413	98,4	98,5	98,2
2010, 6. mars	229.926	72,3	114.928	114.998	144.231	72.295	71.936	62,7	62,9	62,6
2011, 9. apríl	232.460	72,9	115.840	116.620	175.114	87.287	87.827	75,3	75,4	75,3
2012, 20. október	236.850	73,9	118.068	118.782	115.890	58.935	56.955	48,9	49,9	47,9
Forsetakjör										
Presidential elections										
1952, 29. júní	85.877	58,2	42.641	43.236	70.447	36.338	34.109	82,0	85,2	78,9
1968, 30. júní	112.737	55,9	56.350	56.387	103.890	52.418	51.472	92,2	93,0	91,3
1980, 29. júní	143.196	62,8	71.604	71.592	129.595	64.519	65.076	90,5	90,1	90,9
1988, 25. júní	173.829	69,9	86.931	86.898	126.535	59.113	67.422	72,8	68,0	77,6
1996, 29. júní	194.705	72,4	97.294	97.411	167.334	81.870	85.464	85,9	84,1	87,7
2004, 26. júní	213.553	73,0	106.434	107.119	134.374	62,9
2012, 30. júní	235.743	73,8	117.474	118.269	163.294	77.304	85.990	69,3	65,8	72,7

¹ Kosningaþátttaka miðast við greidd atkvæði í kjördæmum þar sem atkvæðagreiðsla fór fram (síðast var sjálfkjörð í kjördæmi 1933). *Participation rate is based on votes cast in constituencies where voting took place. (A candidate who was uncontested in a constituency was formerly elected without a ballot. This has not occurred since 1933).*

² Voters as percent of population.

³ Aukakosning. *By-elections.*

Tafla 2. Frambjóðendur við alþingiskosningar 1959–2013
Table 2. Candidates for general elections 1959–2013

	Fjöldi <i>Number</i>			Hlutfall <i>Percent</i>		
	Alls	Karlur	Konur	Alls	Karlur	Konur
	<i>Total</i>	<i>Males</i>	<i>Females</i>	<i>Total</i>	<i>Males</i>	<i>Females</i>
1959, okt.	438	402	36	100,0	91,8	8,2
1963	402	371	31	100,0	92,3	7,7
1967	450	406	44	100,0	90,2	9,8
1971	525	447	78	100,0	85,1	14,9
1974	556	459	97	100,0	82,6	17,4
1978	598	449	149	100,0	75,1	24,9
1979	484	355	129	100,0	73,3	26,7
1983	556	361	195	100,0	64,9	35,1
1987	958	521	437	100,0	54,4	45,6
1991	1.029	560	469	100,0	54,4	45,6
1995	843	418	425	100,0	49,6	50,4
1999	776	464	312	100,0	59,8	40,2
2003	776	447	329	100,0	57,6	42,4
2007	756	399	357	100,0	52,8	47,2
2009	882	517	365	100,0	58,6	41,4
2013	1.512	879	633	100,0	58,1	41,9

Tafla 3. Þingmenn kjörnir í alþingiskosningum eftir kyni 1916–2013Table 3. *Elected members in general elections by sex 1916–2013*

	Fjöldi <i>Number</i>			Hlutfall <i>Percent</i>		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
1916	40	40	–	100,0	100,0	–
1919	40	40	–	100,0	100,0	–
1923	42	41	1	100,0	97,6	2,4
1927	42	41	1	100,0	97,6	2,4
1931	42	41	1	100,0	97,6	2,4
1933	42	41	1	100,0	97,6	2,4
1934	49	48	1	100,0	98,0	2,0
1937	49	48	1	100,0	98,0	2,0
1942, júlí	49	49	–	100,0	100,0	–
1942, október	52	52	–	100,0	100,0	–
1946	52	51	1	100,0	98,1	1,9
1949	52	50	2	100,0	96,2	3,8
1953	52	52	–	100,0	100,0	–
1956	52	51	1	100,0	98,1	1,9
1959, júní	52	51	1	100,0	98,1	1,9
1959, október	60	58	2	100,0	96,7	3,3
1963	60	59	1	100,0	98,3	1,7
1967	60	59	1	100,0	98,3	1,7
1971	60	57	3	100,0	95,0	5,0
1974	60	57	3	100,0	95,0	5,0
1978	60	57	3	100,0	95,0	5,0
1979	60	57	3	100,0	95,0	5,0
1983	60	51	9	100,0	85,0	15,0
1987	63	50	13	100,0	79,4	20,6
1991	63	48	15	100,0	76,2	23,8
1995	63	47	16	100,0	74,6	25,4
1999	63	41	22	100,0	65,1	34,9
2003	63	44	19	100,0	69,8	30,2
2007	63	43	20	100,0	68,3	31,7
2009	63	36	27	100,0	57,1	42,9
2013	63	38	25	100,0	60,3	39,7

Skýringar *Notes:* Tilgreind ár eiga við kjördæmakosningar. Þingmenn kjörnir í landskjörkosningum 1916-1930 eru meðtaldir í fjölda þingmanna. *The years refer to the years of general elections. The number of members elected in elections of nationally elected members 1916-1930 are included.*

Tafla 4. Kjósendur á kjörskrá, greidd atkvæði og kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum 1938–2014

Table 4. Voters on the electoral roll, votes cast and participation in local government elections 1938–2014

	Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>				Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>			Kosningaþátttaka, % ¹ <i>Participation rate, %</i>		
	Alls <i>Total</i>	Kjósendur af íbúum alls, % ²	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
1938	68.218	57,9	47.902	73,9
1942
1946
1950	83.557	59,0	63.099	77,7
1954	89.502	58,6	69.999	80,3
1958	93.940	56,1	76.227	83,0
1962	98.655	54,3	81.419	84,6
1966	105.215	53,9	88.208	85,9
1970	116.645	57,2	99.238	86,6
1974	126.522	58,8	63.436	63.086	109.634	55.724	53.910	87,8	89,1	86,5
1978	138.113	61,8	69.111	69.002	117.384	59.553	57.831	85,4	86,6	84,2
1982	148.648	63,6	74.224	74.424	125.656	63.203	62.453	85,1	85,7	84,4
1986	169.038	69,6	84.433	84.605	138.139	69.339	68.800	81,9	82,3	81,5
1990	177.483	69,7	88.561	88.922	144.485	72.258	72.227	82,0	82,2	81,7
1994	186.454	70,1	93.012	93.442	161.152	79.924	81.228	86,6	86,1	87,1
1998	193.632	70,8	96.396	97.236	159.187	78.544	80.643	82,3	81,5	83,0
2002	204.945	71,3	101.821	103.124	168.913	83.027	85.886	83,2	82,3	84,0
2006	216.163	71,3	107.494	108.669	169.976	83.804	86.172	78,7	78,1	79,4
2010	225.855	71,0	112.233	113.622	165.238	81.536	83.702	73,5	73,0	74,0
2014	239.734	73,2	119.373	120.361	158.616	78.008	80.608	66,5	65,7	67,3

¹ Kosningaþátttaka er miðuð við tölu kjósenda á kjörskrá þar sem kosning fór fram. *Participation rate based on number of persons on the electoral roll in municipalities where voting took place.*

Tafla 5. Kjósendur á kjörskrá, greidd atkvæði og kosningabátttaka við borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 1908–2014

Table 5. Voters on the electoral roll, votes cast and participation rates in elections to the Reykjavík City Council 1908–2014

	Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>			Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>			Kosningabátttaka, % <i>Participation rate, %</i>		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
1908	2.835	1.626	1.209	1.620	1.027	593	57,1	63,2	49,0
1910	3.929	1.906	2.023	1.322	884	438	33,6	46,4	21,7
1912	3.938	2.069	1.869	1.766	1.086	680	44,8	52,5	36,4
1914, jan.	3.964	2.054	1.910	1.149	792	357	29,0	38,6	18,7
1914, des.	4.789	2.473	2.316	1.403	1.009	394	29,3	40,8	17,0
1916	4.248	2.180	2.068	2.028	1.308	720	47,7	60,0	34,8
1918	5.013	2.574	2.439	2.918	1.762	1.156	58,2	68,5	47,4
1920, jan.	4.983	2.651	2.332	2.440	1.591	849	49,0	60,0	36,4
1920, nóv.	6.027	3.039	2.988	2.672	1.726	946	44,3	56,8	31,7
1922	6.359	3.162	3.197	4.883	2.678	2.205	76,8	84,7	69,0
1924	7.457	3.594	3.863	5.086	2.616	2.470	68,2	72,8	63,9
1926	9.617	4.176	5.441	6.375	3.024	3.351	66,3	72,4	61,6
1928	10.946	4.712	6.234	6.679	3.275	3.404	61,0	69,5	54,6
1930	14.707	6.360	8.347	11.345	5.359	5.986	77,1	84,3	71,7
1934	17.841	7.758	10.083	14.357	6.736	7.621	80,5	86,8	75,6
1938	21.090	9.442	11.648	18.280	8.373	9.907	86,7	88,7	85,1
1942	24.456	10.928	13.528	19.519	9.017	10.502	79,8	82,5	77,6
1946	28.078	12.770	15.308	24.575	11.503	13.072	87,5	90,1	85,4
1950	33.163	15.568	17.595	28.614	13.705	14.909	86,3	88,0	84,7
1954	35.914	31.982	89,1
1958	38.803	35.094	90,4
1962	41.715	36.897	88,5
1966	44.801	21.225	23.576	39.842	88,9
1970	49.699	23.767	25.932	44.318	89,2
1974	53.249	25.394	27.855	47.322	22.772	24.550	88,9	89,7	88,1
1978	55.791	26.456	29.335	47.402	22.683	24.719	85,0	85,7	84,3
1982	58.481	27.787	30.694	50.140	23.884	26.256	85,7	86,0	85,5
1986	65.987	31.438	34.549	53.788	25.722	28.066	81,5	81,8	81,2
1990	70.480	33.708	36.772	57.146	27.284	29.862	81,1	80,9	81,2
1994	74.467	35.848	38.619	66.108	31.591	34.517	88,8	88,1	89,4
1998	78.835	38.064	40.771	65.202	31.124	34.078	82,7	81,8	83,6
2002	82.508	39.926	42.582	69.239	33.067	36.172	83,9	82,8	84,9
2006	85.608	41.794	43.814	66.040	31.949	34.091	77,1	76,4	77,8
2010	85.779	41.868	43.911	63.019	30.760	32.259	73,5	73,5	73,5
2014	90.454	44.479	45.975	56.896	27.517	29.379	62,9	61,9	63,9

Tafla 6. Frambjóðendur og kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnarkosningum 1950–2014Table 6. *Candidates and elected representatives in local government elections 1950–2014*

	Frambjóðendur <i>Candidates</i>					Fulltrúar <i>Elected representatives</i>				
	Fjöldi <i>Number</i>			Hlutfall <i>Percent</i>		Fjöldi <i>Number</i>			Hlutfall <i>Percent</i>	
	Alls ¹ <i>Total¹</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
1950	1143	1136	7	99,4	0,6
1954	1144	1139	5	99,6	0,4
1958	1146	1135	11	99,0	1,0
1962	1151	1139	12	99,0	1,0
1966	1157	1139	18	98,4	1,6
1970	1151	1123	28	97,6	2,4
1974	2.786	2.269	447	81,4	16,0	1160	1118	42	96,4	3,6
1978	3.128	2.425	683	77,5	21,8	1172	1100	72	93,9	6,1
1982	3.474	2.397	1.067	69,0	30,7	1192	1043	149	87,5	12,5
1986	3.853	2.393	1.374	62,1	35,7	1180	954	226	80,8	19,2
1990	3.339	2.071	1.268	62,0	38,0	1116	873	243	78,2	21,8
1994	3.313	2.092	1.221	63,1	36,9	981	738	243	75,2	24,8
1998	2.740	1.698	1.042	62,0	38,0	756	543	213	71,8	28,2
2002	2.714	1.603	1.111	59,1	40,9	657	450	207	68,5	31,5
2006	2.675	1.503	1.172	56,2	43,8	529	339	190	64,1	35,9
2010	2.846	1.513	1.333	53,2	46,8	512	308	204	60,2	39,8
2014	2.916	1.532	1.384	52,5	47,5	504	282	222	56,0	44,0

¹ Þar með frambjóðendur þar sem heimildir geta ekki um kynferði (árin 1974–1986). *Including candidates where information on sex is missing (the years 1974–1986).*

Hagtiðindi **Kosningar**
Statistical Series ***Elections***

100. árg. • 22. tbl. 2015:2

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4738 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4746 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 1.300 • € 11

Umsjón *Supervision* Sigríður Vilhjálmsdóttir • sigridur.vilhjalmsdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series